

2015:2 • 24. ágúst 2015

Manntalið 2011: Stofnanaheimili og heimilislausir

Census 2011: Institutional households and the homeless

Samantekt Alls var 7.471 íbúi búsettur á stofnanaheimili hinn 31. desember 2011 samkvæmt manntalinu sem Hagstofa Íslands tók þann dag. Flestir bjuggu á heimilum fyrir aldraða, eða 3.853, en 2.545 voru búsettir í námsmannaíbúðum. Alls voru 812 búsettir á heimilum fyrir fatlað fólk, en 261 með búsetu í öðrum tegundum stofnana.

Þá var 761 íbúi án heimilis, þar af 111 á útigangi og 650 í húsnæðishraki hinn 31. desember 2011. Langflestir heimilislausra voru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Karlar voru í meirihluta meðal heimilislauss fólks.

Íbúar á stofnanaheimilum

Stofnanaheimili Í þessu tölublaði Hagtíðinda er gerð grein fyrir niðurstöðum manntalsins 31. desember 2011 hvað varðar búsetu á stofnanaheimilum og heimilislaust fólk. Hvorugur hópurinn telst til fólks sem býr á einkaheimilum.

Hagstofan hefur einnig gefið út greinargerð um flokkun stofnanaheimila í manntalinu. Þar er nánari grein gerð fyrir einstaka flokkum og hvernig búseta á stofnanaheimili var ákvörðuð í manntalinu.¹

Alls var 7.471 íbúi á landinu búsettur á stofnun hinn 31. desember 2011. Það eru 2,4% mannfjöldans. Flestir voru á hjúkunarheimilum og stofnunum fyrir aldraða, eða 3.853, en næstflestir á námsgörðum og heimavistum fyrir námsfólk á háskólastigi (2.545). Alls bjuggu 829 einstaklingar á stofnunum þar sem boðið var upp á studda búsetu fyrir fólk með fötlun. Í öðrum stofnunum bjó 261 einstaklingur.

Fleiri konur en karlar bjuggu á stofnunum fyrir námsmenn og aldraða. Karlar voru hins vegar mun fleiri bæði í studdri búsetu fyrir fatlaða og á öðrum stofnunum.

¹ „Flokkunarkerfi íslenskra stofnanaheimila og leiðbeiningar um flokkun í manntali.“ Hagtíðindi, 100. árg., 28. tbl., 24. ágúst 2015.



**Tafla 1. Íbúar á stofnanaheimilum eftir kyni og tegund stofnunar
31. desember 2011**

Table 1. Institutional population by type of institution and sex 31 December 2011


	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	7.471	3.259	4.212
Námsgarðar og heimavistir <i>Student housing</i>	2.545	1.143	1.402
Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir <i>Nursing homes and homes for old persons</i>	2.993	1.100	1.893
Heilbrigðisstofnanir <i>Convalescent hospitals</i>	371	173	198
Öldrunarstofnanir <i>Nursing homes</i>	2.622	927	1.695
Studd búseta <i>Assisted living facilities</i>	1.672	817	855
Dvalarheimili <i>Residential homes for old persons</i>	31	18	13
Studd búseta aldraðra <i>Assisted living for the elderly</i>	829	305	524
Studd búseta fatlaðra <i>Assisted living for persons with disability</i>	812	494	318
Aðrar stofnanir <i>Other institutions</i>	261	199	62
Stofnanir fyrir börn og unglina <i>Institutions for children</i>	8	2	6
Fangelsisstofnanir <i>Prisons</i>	105	99	6
Trúarreglur <i>Religious orders</i>	39	13	26
Vinnubúðir <i>Working camps</i>	57	43	14
Aðrar stofnanir <i>Other institutions</i>	52	42	10

Dreifing stofnanaíbúa

Stofnanaíbúar dreifast frekar jafnt um landið, en þó er nokkur munur milli talningarsvæða á höfuðborgarsvæðinu. Á þrem þeirra fjögurra talningarsvæða þar sem voru hlutfallslega flestir stofnanaíbúar hinn 31. desember voru íbúar á námsgörðum og heimavistum fjölmennir (Vesturbær suður, Njarðvíkur, Ásbrú og Hafnir og Vesturland norðan Skarðheiðar), en í Laugardal austur voru hlutfallslega margir íbúar á stofnunum fyrir aldraða. Á Digranesi í Kópavogi var enginn íbúi á stofnun, en almennt voru hlutfallslega færri stofnanaíbúar á talningarsvæðum höfuðborgarsvæðisins sunnan Reykjavíkur.

Mynd 1. Hlutfall stofnanaíþúa af mannfjöldanum eftir talningarsvæðum 31. desember 2011

Figure 1. Institutional population as percentage of total population by output areas 31 December 2011



Fjölskyldustaða Flestir þeir sem bjuggu á stofnun hinn 31. desember 2011 voru einir, en tæplega fjórðungur var í fjölskyldu. Einstæðir foreldrar og fólk í sambúð voru alls 589 en hjón 582.

Tafla 2. Stofnanaíþúar eftir fjölskyldustöðu og kyni 31. desember 2011

Table 2. Institutional population by family status and sex 31 December 2011

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	7.471	3.259	4.212
Alls í fjölskyldu <i>In family, total</i>	1.778	796	982
Í hjónabandi <i>Married couples</i>	582	291	291
Í sambúð <i>Consensual union couples</i>	386	192	194
Einstæðir foreldrar <i>Lone parents</i>	203	13	190
Synir/dætur <i>Sons/daughters</i>	607	300	307
Ekki í fjölskyldu <i>Not in family</i>	5.693	2.463	3.230

Meðalaldur Alls var meðalaldur þeirra sem bjuggu á stofnun 31. desember 2011 55,8 ár, en háan meðalaldur má einkum rekja til stofnana fyrir aldraða. Meðalaldur íþúa á öldrunarstofnunum var 82,1 ár, en 64,2 ár á stofnunum með studdri búsetu—þar af

var meðalaldur á stofnunum fyrir fatlaða 45,4 ár. Meðalaldur kvenna á þessum stofnunum var hærri en karla, einkum munar á öldrunarstofnunum. Íbúar á námsgörðum og heimavistum voru að meðaltali 21,6 ára. Íbúar á öðrum stofnunum voru að meðaltali 34,0 ára gamlir.

Tafla 3. Meðalaldur eftir tegund stofnunar og kyni 31. desember 2011

Table 3. Average age by type of institution and sex 31 December 2011

	Alls	Karlar	Konur
	Total	Males	Females
Alls Total	55,8	51,3	59,3
Námsgarðar og heimavistir <i>Student housing</i>	21,6	21,5	21,7
Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir			
<i>Hospitals and homes for old persons</i>	82,1	79,3	83,8
Heilbrigðisstofnanir <i>Convalescent hospitals</i>	69,2	65,0	72,8
Öldrunarstofnanir <i>Nursing homes</i>	84,0	81,9	85,1
Studd búseta <i>Assisted living</i>	64,2	59,3	68,9
Dvalarheimili <i>Residential homes for old persons</i>	78,7	78,1	79,5
Studd búseta aldraðra <i>Assisted living for the elderly</i>	82,0	81,4	82,4
Studd búseta fatlaðra			
<i>Assisted living for persons with disability</i>	45,4	44,9	46,2
Aðrar stofnanir <i>Other institutions</i>	34,0	35,1	30,7
Stofnanir fyrir börn og unglunga <i>Institutions for children</i>	16,1	16,0	16,2
Fangelsisstofnanir <i>Prisons</i>	35,7	35,6	38,0
Trúarreglur <i>Religious orders</i>	39,5	46,0	36,2
Vinnubúðir <i>Working camps</i>	33,5	35,5	27,4
Aðrar stofnanir <i>Other institutions</i>	29,8	30,9	25,4

Heimilislaust fólk

Í manntalinu 2011 var gert sérstakt átak til að bera kennsl á það fólk sem er heimilislaust, bæði útigangsfólk og fólk sem er í húsnæðishraki. Þetta var nauðsynlegt vegna þess að eitt af lykilverkum manntalsins var að tengja saman íbúðir og fólk, en slíkt er eðli málsins vegna illa framkvæmanlegt fyrir heimilislaust fólk. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þessum hóp, en vegna smæðar hans geta upplýsingarnar ekki verið mjög ítarlegar. Nánari skilgreiningar á hópnum er að finna í skýringum.

Alls var 761 einstaklingur heimilislaus í manntalinu 2011, þar af 111 á götunni. Fleiri karlar en konur voru án heimilis, allt útigangsfólk var án fjölskyldu en alls voru 156 börn í fjölskyldum fólks sem var í húsnæðishraki, þar af 137 undir 15 ára aldri.

Langflestir heimilislauseira voru á höfuðborgarsvæðinu. Flestir þeirra voru með grunnmenntun eða minna, en þó voru 22,5% útigangsfólks og 27,7% annarra heimilislauseira með hærri menntun.

Atvinnuþátttaka fólks í húsnæðishraki var 40,2%, en útigangsfólks 20,7%. Atvinnuleysi í hópnum var tiltölulega mikið, 33% meðal fólks í húsnæðishraki, en 39,1% hjá útigangsfólki.

Tafla 4. Heimilislaust fólk eftir ýmsum skráningaratriðum 31. desember 2011

Table 4. Homeless persons by various characteristic 31 December 2011

	Fólk í		
	Alls <i>Total</i>	Útigangsfólk <i>Primary homeless</i>	húsnæðishraki <i>Secondary homeless</i>
Alls <i>Total</i>	761	111	650
Karlar <i>Male</i>	440	75	365
Konur <i>Female</i>	321	36	285
Aldur <i>Age</i>			
<25	311	26	285
25–64	434	80	354
65–84	16	5	11
Búseta <i>Region</i>			
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	719	107	612
Landsbyggð <i>Other regions</i>	42	4	38
Staða í fjölskyldu <i>Family status</i>			
Einstaklingar í hjónabandi <i>Persons in a married couple</i>	34	-	34
Makar í sambúð <i>Partners in a consensual union</i>	12	-	12
Einstæðir foreldrar <i>Lone parents</i>	90	-	90
Synir/dætur <i>Sons/daughters</i>	156	-	156
Á ekki við <i>Not applicable</i>	469	111	358
Menntunarstaða <i>Educational attainment</i>			
Grunnskólastig eða minna <i>ISCED Levels 0, 1 and 2</i>	457	86	371
Framhaldsskólastig <i>ISCED Levels 3 and 4</i>	128	20	108
Háskólastig <i>ISCED Levels 5 and 6</i>	39	5	34
Á ekki við (yngri en 15 ára) <i>Not applicable (under 15 years of age)</i>	137	-	137
Staða á vinnumarkaði <i>Current activity status</i>			
Atvinnuþátttaka <i>Labour force participation rate</i>	36,8	20,7	40,2
Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	33,6	39,1	33,0

Skýringar

Heimilislausir Heimilislaust fólk skiptist í tvo meginflokka, annars vegar *útingangsfólk* og hins vegar *fólk í húsnæðishraki*.

Með *útingangsfólki* er átt við einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hefðbundnu húsnæði, hafa ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gista þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýlum fyrir heimilislausa, hjá hjálparstofnunum eða inni á öðru fólk.

Ennfremur skal telja til útingangsfólks þá sem hafa vanalega búsetu í húsnæði sem ætlað er að veita heimilislausum húskjól eða hafa þar skráð lögheimili.

Með *fólki í húsnæðishraki* er átt við þá einstaklinga sem sótt hafa um húsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu og hafa ekki fasta búsetu eða fyrirsjáanlegt er að missi fasta búsetu.

Ennfremur skal telja þá, aðra en námsmenn og íbúa á stofnanaheimilum, sem hafa skráð lögheimili sitt á sama stað í minna en 12 mánuði á manntalsdegi, og komu þá úr tveimur slíkum skammtímadvölum næst á undan.

Loks skal telja til *fólks í húsnæðishraki* þá sem fluttust erlendis fyrir manntalsdag en sneru til baka til Íslands í nýtt húsnæði áður en 12 mánuðir voru liðnir frá brottflutningi.

Staða í fjölskyldu Fjölskyldukjarni er tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem makar eða sem foreldri og barn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. milli foreldris og barns. Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs barns, stjúpbarns eða ættleidds barns án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki maka né eigið barn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalín. Sonur eða dóttir á heimili sem býr með maka eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum, telst ekki vera barn, heldur telst til eigin fjölskyldukjarna. Barn, sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru skilin), er talið á skráðu lögheimili sínu.

Tveir einstaklingar eru taldir vera í „sambúð“ þegar þeir:

- búa á sama heimili og
- eiga í hjónasambandi (þ.m.t. að vera foreldrar sama barns) og
- eru ekki giftir hvor öðrum.

Heimili með afa og/eða ömmu og einu eða fleiri barnabörnum en engu foreldri þessara barna falla ekki undir skilgreininguna á fjölskyldu.

Staða á vinnumarkaði Staða á vinnumarkaði eru tengsl einstaklings við atvinnustarfsemi, byggð á viðmiðunartímabili sem er nóvembermánuður 2011. Í nokkrum tilvikum þegar upplýsingar leyfðu var horft til stöðu á vinnumarkaði 30. nóvember 2011. Þegar skráð er ein tiltekin atvinnustaða á hvern einstakling er staðan „í vinnu“ tekin fram yfir „atvinnulaus“ og staðan „atvinnulaus“ tekin fram yfir „ekki virkur á vinnumarkaði“. Einstaklingar sem urðu 15 ára á manntalsárinu 2011 og þaðan af yngri einstaklingar teljast ekki vera á vinnualdri.

Atvinnuþátttaka er hlutfall fólks á vinnumarkaði, þ.e. í vinnu eða atvinnulaust, af mannfjöldanum sem er eldri en 15 ára.

Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af öllum sem eru á vinnumarkaði.

Studd búseta Með studdri búsetu (e. *assisted living facilities*) er átt við þær stofnanir þar sem boðið er upp á fæði eða mótuneyti, húsnæði og gjarnan einhverja þjónustu á vegum stofnunarinnar. Sameiginleg aðstaða er oftast en ekki í boði, einkum setustofur, mótuneyti og í sumum tilvikum bað- og snyrtiaðstaða. Rekstrarform getur verið með ýmsu sniði, t.d. getur húsnæðið verið leigt út eða verið búseturéttur. Ef um eignaríbúðir er að ræða er eignin undantekningarlaust með kvöðum til að hægt sé að úthluta eða selja íbúðina til annarra sem taldir eru í þörf fyrir þjónustuna. Ef boðið er upp á hjúkrun er hún í lágmarki, í formi heimahjúkrunar eða aðkeyptrar hjúkrunarþjónustu.

Talningarsvæði Skipting mannfjöldans í 42 tiltölulega jafnfjölmenn svæði, sem þekja landið allt. Fæst búa rúmlega 4.000 manns á svæði en flestir tæplega 14.000. Að meðaltali eru rúmlega 7.500 manns á hverju talningarsvæði. Með talningarsvæðunum er leitast við að skipta mannfjöldanum í tiltölulega jafn fjölmennar einingar, en halda eftir sem áður í tilvísun í staðfræðilega skiptingu, t.d. hverfi eða landsvæði. Fimm stærstu sveitarfélögunum er skipt í fleiri en eitt talningarsvæði, nokkur sveitarfélög mynda eigið talningarsvæði en að öðru leyti eru talningarsvæðin sett saman af tveimur eða fleiri nærliggjandi sveitarfélögum.

English summary

According to the Icelandic population census on 31 December 2011, 7,471 persons lived in institutional households, or 2.4% of the total population. The institutional populations mainly consisted of the elderly, with 3,853 persons living in institutions for the elderly, while 2,545 were residents of student housing facilities. 812 lived in institutions for persons with disabilities, and 261 in other types of institutions.

The population census in 2011 counted 761 homeless inhabitants, of which 111 were primary homeless, and 650 secondary homeless. Males constituted the majority of the homeless population. The homeless were mostly located in the capital region.

Hagtiðindi **Mannfjöldi**
Statistical Series **Population**

100. árg. • 27. tbl.

ISSN 0019–1078

2015:2

ISSN 1670–4479 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4487 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series